

Lagt fram í formannaráði Bandalags háskólamanna (BHM) 9. september 2016

Stjórn FÍN tók fyrir á fundi sínum 9. september 2016 samkomulag Bandalags háskólamanna, BSRB og Kennarasambands Íslands, annars vegar, og fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. ríkissjóðs, og Sambands íslenskra sveitarfélaga, hins vegar, um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna og hefur tekið afstöðu til þess.

- Stjórn FÍN telur að ekki sé hægt að samþykkja samkomulagið þar sem það innihaldi of marga óvissuþætti, s.s samþykktir sjóða sem liggja ekki fyrir, óvissu um réttindi sjóðfélaga sem nú fara samkv. II kafla laga nr. 1/1997 (örorka, makalífeyri og barnalífeyri), sem geta falið í sér skerðingu á réttindum sjóðfélaga.
- Stjórn FÍN telur mikilvægt að útreikningar liggja fyrir og að teknar séu út sviðsmyndir til skýringar.
- Stjórn FÍN telur ótækt að kjör nýrra sjóðfélaga séu ekki tryggð.
- Stjórn FÍN telur að markmið samkomulagsins um að auðvelda sjóðfélögum að fara á milli markaða sé ekki náð.

Stjórn FÍN heimilar ekki að fulltrúi FÍN í formannaráði greiði atkvæði með því að BHM undirriti samkomulagið.

Félag íslenskra náttúrufræðinga



FÍN
Félag íslenskra
náttúrufræðinga

Marianna H. Helgadóttir, formaður